



Rýmingaráætlun Jötunheima



Heiðarstekkur 10

Höfundur: Snorri Baldursson

12. desember 2008

Yfirfarin og endurbætt af stjórnendum Jötunheima í maí 2025

Símanúmer:

Neyðarlínan.....112
Öryggismiðstöðin.....530-2400
Brunavarnir Árnessýslu.....480-0900

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
Rýmingaráætlanir	3
Leikskólinn Jötunheimar	4
1. Fólksfjöldinn	4
2. Hreyfigeta fólksins	4
3. Fjöldi aðstoðarfólks	4
4. Rýmingarleiðir	4
5. Lokastaður	4
6. Tíminn til rýmingar	4
7. Starfsfólk ekki inná deildum	5
Viðvörðunarkerfi.....	5
Boð frá brunaviðvörðunarkerfi.....	5
Viðbrögð við boðum	5
Falsboð	5
Raunveruleg eldboð	6
Rýmingaráætlun	7
Stjórnun	7
Röð á aðgerðum	7
1.Hringja.....	6
2.Bjarga.....	6
3. Slökkva.....	6
4.Slökkvilið kemur á staðinn.....	7
5.Láta foreldra vita.....	7
6.Sálrænn stuðningur.....	7
Rýmingaráætlun Jötunheima - veggspjald	9
Teikning af leikskólanum Jötunheimum	10

Rýmingaráætlanir

Eldvarnir snerta alla – alla daga meira og minna.

Heima, í vinnunni og nánast hvar sem er.

Eldvörnum er oft skipt í tvo flokka þ.e. slökkvistarf og fyrirbyggjandi starf. Slökkvistarfið hefur það að markmiði að bjarga því sem bjargað verður eftir slys. Fyrirbyggjandi starfið hefur aftur á móti þann tilgang að forða slysum eða a.m.k. að draga úr þeim eins og unnt er. Þessum markmiðum er reynt að ná með byggingartæknilegum aðgerðum, fræðslu og æfingum. Einnig með Björgunaráætlunum þ.m.t. rýmingaráætlunum. Á hverju ár er haldin brunaæfing þar sem viðbrögð eru æfð.

Það hefur margoft komið í ljós að afar litlar líkur eru til þess að menn bregðist rétt við, ef menn skyndilega standa frammi fyrir vanda sem skapast getur af eldsvoða, nema menn hafi gert sér grein fyrir hættunni og hugleitt viðbrögð. Best er að gera áætlun. Til þess að allir sem málið snertir geti unnið samstíga verður áætlunin að vera skrifleg og ef menn vilja vera vissir um að áætlunin sé raunhæf, þarf að prófa hana. Einnig er oft nauðsynlegt að æfa áætlanir, eða hluta þeirra, til að þær geti talist öruggar.

Afgerandi þáttur í framkvæmd rýmingar er tíminn. Því þarf að leita leiða til að hún taki sem allra stystan tíma. Eins þarf að reyna að koma því þannig fyrir að hún geti hafist sem allra fyrst, eftir að hættuástand skapast.

Þau atriði sem hafa þarf í huga við gerð rýmingaráætlunar eru m.a.:

- ✓ Fólksfjöldinn
- ✓ Hreyfigeta fólksins
- ✓ Fjöldi aðstoðarfólks ef þörf er á og um er að ræða
- ✓ Rýmingarleiðir
- ✓ Söfnunarstaður og lokastaður
- ✓ Tíminn til rýmingar

Nauðsynlegt er að sem flest sjónarmið hinna ólíku hópa sem hafa með málið að gera komi fram.

Leikskólinn Jötunheimar

Við skulum líta á þau atriði sem meðal annars þarf að hafa í huga við gerð rýmingaráætlunar fyrir leikskólann Jötunheima við Heiðarstekk 10.

1. Fólksfjöldinn

Flest eru börnin 30 samtímis í skólanum og þá eru u.þ.b. 12 starfsmenn. Verður ekki betur séð en að það sé vel mannað og með góðri samvinnu ætti rýming að ganga vel. Merkt er við þegar börn koma og fara, mikilvægt er að listinn sé alltaf á sínum stað og allir viti hvar sá staður er. Í listanum eru einnig símanúmer hjá aðstandendum svo fljótlega er hægt að hringja og upplýsa um ástandið. Slíkur listi er í Ráðhúsi, svo hægt sé að fela starfsfólki þar að hringja út. Nauðsynlegt er að skrá niður ef börnin skreppa úr leikskólanum og eru væntanleg aftur t.d. vegna læknisferða o.fl.

2. Hreyfigeta fólksins

Telja verður að ung börn þurfi mikla aðstoð við að bjarga sér. Börnin þurfa mikla aðstoð vegna vanhæfni að meta aðstæður. Huga þarf að þeim börnum sem ekki komast yfirferðar nema með hjálp.

3. Fjöldi aðstoðarfólks

Ekki ætti að vera nauðsynlegt að kalla til aðstoðarfólk vegna rýmingar. Það fólk sem er á staðnum ætti í öllum tilfellum að ráða við að rýma húsið. Það er fyrst þegar kemur að slökkvistarfi sem aðstoðar getur verið þörf.

4. Rýmingarleiðir

Rýmingarleiðir eru tvær úr hverri stofu, annars vegar út á gang og hins vegar út á útisvæði. Útgangar eru merktir með út-ljósum. Vegna þess að útidyrhurðirnar opnast út þarf að gæta þess að ekki safnist snjór fyrir hurðarnar að vetrinum. **Söfnunarstaður er á afgirta leiksvæðinu. Á girðingunni, innan leiksvæðis, er söfnunarstaður hverrar deildar merktur og á hver deild sinn lit. Ef reykur fer yfir leiksvæðið þá skal söfnunarstaður vera á gervigrassvæði sunnan megin við leikskólann.**

5. Lokastaður

Lokastaður er Stekkjarskóli og hafa stjórnendur frumkvæði að því að kalla til hópferðabifreiðar til að koma fólki á milli staða.

6. Tíminn til rýmingar

Tími til rýmingar er ekki mikill, vegna þess að eldur þróast hratt ef ekkert er að gert. Húsið er vel byggt og stenst í öllum megin atriðum kröfur. Rýmingarpoki er staðsettur við útgang á leikvöll. Í honum er nafnalisti, álteppi, buff og græn/rauð spjöld sem notuð eru til að gefa til kynna stöðuna á deildunum þegar komið er út á söfnunarstað. Starfsmenn þurfa að kynna sér hann. Brunaviðvörðunarkerfi er í húsinu og þar af leiðandi á eldur að uppgötvast strax á byrjunarstigi, sem gefur meira svigrúm til rýmingar.

7. Starfsfólk ekki inná deildum

Starfsfólk sem ekki er inni á deild t.d. í undirbúningi, kaffi o.s.frv. fer inná sínar deildir ef aðstæður leyfa og aðstoða við rýmingu. Ef eldur er í vegi þeirra hittir það hópinn á söfnunarsvæðinu.

Viðvörðunarkerfi

Boð frá brunaviðvörðunarkerfi

Í skólanum er brunaviðvörðunarkerfi. Ef boð koma frá brunaviðvörðunarkerfinu er mjög mikilvægt að bregðast alltaf við og athuga hvað veldur boðunum. Hugsðu aldrei að einhver annar eigi að kanna málið, gangið alltaf **strax** úr skugga um að það hafi verið gert.

Athugið!

Brunaviðvörðunarkerfið er tengt vaktstöð.

Viðbrögð við boðum

Allir starfsmenn fara í viðbragðsstöðu og hefja undirbúning fyrir rýmingu, fá börnin í röð við útgang og taka til rýmingarpoka og spjaldtölvu/viðveruskráningu. Stjórnendur og einn af hverri deild fara að stjórnstöflu brunaviðvörðunarkerfis og framkvæma eftirfarandi:

1. Virkja hnappa á stöð með því að ýta á „enter“, ýta 5 sinnum ör upp og síðan aftur á „enter“
2. Ýtið á „ESC“ til að fá aftur fram upplýsingar um brunaboðið
3. Ýtið á „Stöðva bjöllur“ til að stöðva hringingu brunabjallna
4. Lesið staðsetningu brunaboðanna á skjánum og berið saman við yfirlitsmynd sem er fyrir ofan stjórnstöfluna.
5. Farið að upptökum brunaboðanna og athugið hvað setti þau af stað
6. Ef um er að ræða bruna og rýma þarf húsið, ýtið á „Stöðva bjöllur“ hnappinn aftur til að setja bjöllur aftur í gang. Hvetjið alla til að rýma húsið strax og hringið í slökkviliðið í neyðarsímanúmer 112.
7. Ef um er að ræða falsboð eða minni háttar atvik sem hægt er að afgreiða strax þá ýtið á „endursetja“ hnappinn.

Æskilegt er að það séu mest 2 kennarar við stöðina að framkvæma það sem kemur fram að ofan og nokkrir staðsetji sig á ganginum hafi þeir tækifæri til og miðli skilaboðum inn á deildir. Þannig má bregðast hraðar við ef rýma þarf leikskólann.

Falsboð

Ef engin merki finnast um eld á því svæði sem boðin komu frá er mikilvægt að finna skynjarann sem sendi boðin, hann þekkist á því að lítið gaumljós logar á skynjara sem hefur sent boð. Mikilvægt er að skrá öll falsboð í **þjónustubók** sem fylgir kerfinu sem staðsett er við stjórnstöð brunakerfis í tæknirýminu. Að lokum skal endursetja kerfið með því að þrýsta á hnapp „Endursetja“.

Raunveruleg eldboð

Ef um eld er að ræða skal þegar í stað vara alla við með því að ýta einu sinni á takka „**Stöðva bjöllur“ eða brjóta næsta handboða.** Þá fara bjöllur aftur í gang og eiga þá allir að vita að hættu er á ferðum og skal þegar í stað framkvæma rýmingu. Hikið aldrei við að rýma húsið ef minnsti grunur er um að þess þurfi. Betra er að taka ákvörðun um rýmingu fyrr en seinna.

Jafnvel þó takist að slökkva eldinn strax getur verið nauðsynlegt að leita aðstoðar slökkviliðs, til að reykkræsta húsið og meta hvort hættu er á frekari eldi.

Rýmingaráætlun

Stjórnun

Mikilvægt er að alltaf sé á hreinu hver á að stjórna. **Skal það vera skólastjóri eða yfirmaður hverju sinni.** Mikilvægt er að stjórna þannig að ekki fari milli mála hver stjórnar. Sé deildarstjóri í húsi stjórnar hann aðgerðum á sinni deild. Ef hann er ekki í húsi skal staðgengill deildarstjóra taka stjórnina. Staðgengill skal tilgreindur í rýmingaráætlun hverrar deildar og skal sú áætlun vera sýnileg og öllum sem að deildinni koma kunnug.

Röð á aðgerðum

1. **Hringja: Kalla til aðstoð**

Ef allt er með felldu er hringt frá vaktstöð til að kanna hvað valdi eldboðum. Svarið símanum ef mögulegt er, það flýtir fyrir. **Ef ekki er hringt, skal strax gera ráðstafanir til að kalla til aðstoð.**

- a. Samræmt neyðarnúmer 112
- b. Talið skýrt og rólega, útskýrið vandamálið.
- c. Takið fram ef einhver hefur slasast.
- d. Tilgreinið hvaða hús er um að ræða.

2. **Bjarga:**

Rýming fer fram við önnur boð viðvörunarbjöllu. Starfsmenn taka **spjaldtölvur** og **rýmingarpokann** með sér út. Mikilvægt er að kennarar sjái um þann hóp sem viðkomandi er að kenna hverju sinni. Sá sem síðastur fer út af hverri stofu skal **loka öllum dyrum** til að draga úr reykflæði um bygginguna og hindra útbreiðslu elds og reyks eins og hægt er. Mikilvægt er að allir fari á söfnunarstað og þar fari fram nafnakall. Þegar því er lokið er annað hvort lyft upp grænu eða rauðu spjaldi sem tilgreinir stöðuna á deildinni. Leikskólastjóri/aðstoðarleikskólastjóri eða staðgengill skal vera á sýnilegum stað og fylgjast með grænu/rauðu spjöldunum og bregðast síðan við.

Ekki er heimilt að yfirgefa söfnunarstaðinn fyrir en stjórnandi gefur leyfi til þess. Ef í ljós kemur við **nafnakall** að einhvern vantar er mikilvægt að þær upplýsingar berist strax til Neyðarlínu og slökkviliðs.

Yfirmaður hefur samband við rútufyrirtæki til að biðja um flutning á lokastað og hringir síðan í Ráðhúsið og biður um að hringt sé í foreldra barnanna. Mikilvægt er að starfsfólk eldhúss og starfsfólk sem er í undirbúningsherbergi, kaffistofu eða viðtalsherbergi komi líka út á söfnunarstaðinn.

3. **Slökkva:**

Þegar stjórnandi sér að 1. og 2. liður á planinu eru að klárast og ef einhver er tiltækur skal hefja slökkvistarf. **Rjúfið straum af húsinu ef hægt er að komast að rafmagnstöflunni.** Rafmagnstaflan er í tæknirými hússins strax til vinstri þegar komið er inn. **Í töflunni eru þrír takkar vinstra megin merktir „Aðalvar 3x100A“. Ýtið tökkunum niður og þá rofnar straumur á öllu húsinu.**

Slökkvitæki og brunaslöngur eru víðsvegar um húsið, hver og einn á að kynna sér hvar slökkvibúnaður er staðsettur. Mikilvægt að hafa svæði fyrir framan rafmagnstöflu og slökkvitæki ALLTAF tomt.

4. **Slökkvilið kemur á staðinn:**

Yfirmaður gefur stjórnanda slökkviliðs upplýsingar um hvort einhverjir og þá hversu margir hafi orðið eftir inni og hugsanlega staðsetningu þeirra.

5. **Láta foreldra vita:**


Hafa samband (eftir nafnalista) við foreldra/forráðamenn barna til að tryggja að upplýsingar um atburðinn berist eftir réttum leiðum.

6. **Sálrænn stuðningur:**

Leikskólastjóri metur hvort leita þarf eftir aðstoð utanaðkomandi til að veita börnum, starfsfólki og/eða foreldrum sálrænan stuðning eða áfallahjálp.

Rýmingaráætlun Jötunheima - veggspjald

Í eldsvoða skipta fyrstu viðbrögð sköpum



Þegar og ef bjöllur fara aftur í gang

HÆTTA!

ALLIR ÚT!

Kerfið er tengt vaktstöð. Eftir smá stund er hringt frá vaktstöðinni til að kanna hvað valdi boðunum. Svarið símanum ef mögulegt er og segið frá ástandinu. Símanúmer Öryggismiðstöðvar er 530-2400.

1	Ef ekki er hringt frá vaktstöð. Hringja: Samræmt neyðarnúmer er 112. Talið skýrt og rólega, útskýrið vandamálið. Tilgreinið húsnúmer, götu og sveitarfélag.
2	Bjarga: Bjargið sjálfum ykkur og nemendum. Kennari sér um sinn hóp og hefur nafnakall úti á söfnunarstað. Mikilvægt að taka kladda með út. Verið viss um að allir komist út, börn geta falið sig víða.
3	Slökkva: Þegar rýmingu er lokið skal huga að slökkvistarfi.

Leikskólinn Jötunheimar
jotunheimar@arborg.is

